

FMS 2020-20  
ISBN 978-9935-9512-7-4  
ISSN 2547-8060



FERÐA  
MÁLA  
STOFA  
ICELANDIC  
TOURIST  
BOARD 

# FERÐAMÁLARANNSÓKNIR

## TOURISM RESEARCH IN ICELAND

JÚLÍ 2020

### Viðhorf íbúa á höfuðborgarsvæðinu til ferðamanna og ferðapjónustu 2019

Eyrún Jenný Bjarnadóttir



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA

© Ferðamálastofa 2020

Útgefandi: Ferðamálastofa, Geirsgötu 9, 101 Reykjavík / Hafnarstræti 91, 600 Akureyri  
Netfang: [upplýsingar@ferdamalastofa.is](mailto:upplýsingar@ferdamalastofa.is)  
Veffang: [www.ferdamalastofa.is](http://www.ferdamalastofa.is)

Titill: Viðhorf íbúa á höfuðborgarsvæðinu til ferðamanna og ferðaþjónustu 2019

Höfundur: Eyrún Jenný Bjarnadóttir

Kápa: Porthönnun

Númer: FMS 2020-20

ISBN: 978-9935-9512-7-4

ISSN: 2547-8060

Öll réttindi áskilin. Samantekt þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

## EFNISYFIRLIT

Viðhorf íbúa á höfuðborgarsvæðinu til ferðamanna og ferðaþjónustu árið 2019.....	1
Viðhorf íbúa á höfuðborgarsvæði til fjölda ferðamanna .....	3
Viðhorf til fjölda ferðamanna sumar og vetur 2014-2019 – Allir landshlutar .....	4
Áhrif á daglegt líf .....	5
Áhrif á efnahag, atvinnulíf og þjónustu.....	7
Áhrif á samfélagið .....	9
Mat á ástandi innviða.....	11
Hvað er jákvæðast við ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu?.....	12
Hvað er jákvæðast við ferðaþjónustu í þinni heimabyggð? Hinir landshlutarnir 2019 .....	13
Hvað er neikvæðast við ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu?.....	14
Hvað er neikvæðast við ferðaþjónustu í þinni heimabyggð? Hinir landshlutarnir 2019.....	15
Samantekt .....	15
Niðurstöður símakönnunar á höfuðborgarsvæði 2019 – tíðnitöflur og bakgrunnsgreining.....	17

## VIÐHORF ÍBÚA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU TIL FERÐAMANNA OG FERÐAÞJÓNUSTU ÁRIÐ 2019

Haustið 2019 fór fram könnun á vegum hins opinbera á viðhorfum Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu. Ferðamálastofa fól Rannsóknamiðstöð ferðamála verkefnastjórn, greiningu og skýrsluvinnslu. Framkvæmd og úrvinnsla hrágagna könnunar var í höndum Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri. Gagnasafninu frá könnuninni var skilað til Ferðamálastofu sem gerir þau aðgengileg í Mælaborði ferðaþjónustunnar.

Kannanir hins opinbera á viðhorfum Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu hafa farið fram með reglubundnum hætti frá árinu 2014. Þessar kannanir hafa ýmist verið unnar á landsvísu eða í einstökum bæjarfélögum. Þessar kannanir tengjast framtíðarsýn stjórnvalda um að ferðaþjónustan hafi jákvæð áhrif á nærsamfélag og aukin lífsgæði og eru hluti þeirra rannsókna og gagna sem birtast í Jafnvægisási ferðamála<sup>1,2</sup>. Könnunin haustið 2019 er sú þriðja sem gerð hefur verið á landsvísu á viðhorfum Íslendinga og tilheyrir mati á samfélagslegum áhrifum íslenskrar ferðaþjónustu. Sú fyrsta var unnin haustið 2014<sup>3,4</sup> og var hún endurtekin haustið 2017<sup>5</sup> með það að markmiði að meta viðhorf heimamanna til ferðaþjónustu og ferðafólks á Íslandi og eftir einstaka landshlutum. Könnunin 2019 hafði þessi sömu markmið en að því viðbættu var kannað hvort einhverjar breytingar í viðhorfum hefðu átt sér stað frá síðustu landskönnun 2017. Fyrir utan kannanir á landsvísu hafa verið gerðar rannsóknir í einstökum samfélögum; fjórum árið 2015<sup>6</sup>, þremur árið 2016<sup>7</sup> og fjórum árið 2018<sup>8,9,10,11</sup>.

Niðurstöður könnunarinnar 2019 eru settar fram í sjö samantektum, einni fyrir hvern landshluta ásamt höfuðborgarsvæði (sjá nánari skýringu á svæðisskiptingu á næstu síðu). Í samantektunum eru kynning rannsókna, aðferðafræði og niðurstöður teknar og settar fram á sama hátt fyrir hvern landshluta. Auk þess er heildarskýrsla með niðurstöðum allrar könnunarinnar á landsvísu væntanleg síðar á árinu 2020. Í könnunum sem gerðar hafa verið á landsvísu og að hluta til þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið í einstökum samfélögum hefur verið notast við staðlaðan spurningalista sem byggir á viðtækri heimildarýni og fræðilegri úttekt á erlendum og innlendum rannsóknum á viðhorfum heimamanna. Spurningalistinn, sem inniheldur 55 spurningar, hefur verið í þróun frá því fyrsta landskönnunin var gerð árið 2014 og verið endurskoðaður og uppfærður reglulega í takt við þróun greinarinnar og áherslur stjórnvalda um öflun áreiðanlegra gagna.

Í þessari samantekt er að finna svör íbúa á höfuðborgarsvæðinu við völdum spurningum úr könnuninni sem varpa ljósi á viðhorf höfuðborgarbúa til ferðamanna og ferðaþjónustu haustið 2019. Íbúar með pósnúmer í Reykjavík, á Seltjarnarnesi, í Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði og Mosfellsbæ flokkuðust sem höfuðborgarbúar. Áhersla er á samanburð milli kannananna 2017<sup>12</sup> og 2019 innan hvers landshluta og á milli landshlutans og niðurstaðna á landsvísu 2019. Í einstaka tilfellum eru niðurstöður landshluta bornar saman. Þessari samantekt fylgja tíðnitöflur og bakgrunnsgreining fyrir þær spurningar sem hér eru til umfjöllunar.

<sup>1</sup> Stjórnarráð Íslands. *Leiðandi í sjálfbærri þróun – Íslensk ferðaþjónusta til 2030*. Sótt 2. mars 2020 af <https://www.stjornarradid.is/default.aspx?PageID=d99f362e-5adb-428f-8c1b-d06cce7d6d3c>.

<sup>2</sup> Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. (2015). *Vegvísir í ferðaþjónustu*. Reykjavík: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Samtök ferðaþjónustunnar.

<sup>3</sup> Edward H. Huijbens og Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2015). *Viðhorf Íslendinga til ferðafólks og ferðaþjónustu*. Greining könnunar meðal Íslendinga í október 2014. Unnið fyrir Ferðamálastofu. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

<sup>4</sup> Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. (2014). *Viðhorf Íslendinga til ferðaþjónustu. Unnið fyrir Ferðamálastofu*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

<sup>5</sup> Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Ásdís A. Arnalds og Anna Soffía Víkingsdóttir. (2018). *Því meiri samskipti – því meiri jákvæðni. Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu 2017*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

<sup>6</sup> Guðrún Helgadóttir, Anna Vilborg Einaradóttir, Jóhanna María Elena Matthíasdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Georgette Leah Burns. (2016). *Félagslæg áhrif ferðamennsku og ferðaþjónustu*. Reykjavík: Ferðamálastofa.

<sup>7</sup> Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Arnar Þór Jóhannesson og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. (2016). *Greining á áhrifum ferðaþjónustu og ferðamennsku í einstökum samfélögum. Höfn, Mývatnssveit og Sigluffjörður*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

<sup>8</sup> Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2019a). *Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu 2018 – Egilsstaðir*. Akureyri: Ferðamálastofa.

<sup>9</sup> Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2019b). *Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu 2018 – Húsavík*. Akureyri: Ferðamálastofa.


<sup>10</sup> Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2019c). *Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu 2018 – Reykjanesbær*. Akureyri: Ferðamálastofa.

<sup>11</sup> Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2019d). *Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu 2018 – Stykkishólmur*. Akureyri: Ferðamálastofa.

<sup>12</sup> Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2018). *Viðhorf íbúa á höfuðborgarsvæðinu til ferðamanna og ferðaþjónustu*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála. (sjá <http://www.rmfi.is/static/research/files/hofudborgarsvaedidpdf>)

## Aðferðir og framkvæmd

Gerð var símakönnun meðal landsmanna á tímabilinu 8. október til 16. nóvember 2019. Lagskipt úrtak var tekið af sjö svæðum sem samsvara verkefnasvæðum markaðsstofa landshlutanna ásamt höfuðborgarsvæði<sup>13</sup>. Könnunin var lögð fyrir 6.200 manna úrtak landsmanna og var miðað að því að ná fram að lágmarki 355-379 svörum á hverju verkefnasvæði. Heildarfjöldi svara í könnuninni var 2.622 sem jafngildir 42% svarhlutfalli.



Verkefnasvæði markaðsstofa landshlutanna  
Mynd: [www.ferdamalastofa.is](http://www.ferdamalastofa.is)

Í töflunni hér til hliðar má sjá úrtak og bakgrunn svarenda í höfuðborginni 2019 og samanburð við 2017. Á höfuðborgarsvæðinu voru 813 manns í úrtakinu og fjöldi svara var 387 (svarhlutfall 48%). Svör voru greind með þeirri tölfræði sem er viðeigandi fyrir hverja og eina spurningu og marktektarpróf gerð til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Gögnin voru greind með tilliti til nokkurra bakgrunnspátta. Þeir eru: kyn, aldur, menntun, búseta, lengd búsetu á viðkomandi svæði, staða á vinnumarkaði, hvort svarandi starfi við ferðapjónustu og hvort hann geti hugsað sér að starfa við hana. Í samantektinni er sérstaklega tekið fram ef munur sem fannst á svörum reyndist marktækur miðað við 99,9% öryggismörk með tilliti til þessara bakgrunnspátta.

## Úrtak og bakgrunnur svarenda í höfuðborginni í könnunum 2017 og 2019

Höfuðborgarsvæði	2017		2019	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Úrtak	812		813	
Fjöldi svara	380	47%	387	48%
<b>Kyn</b>				
Karlar	183	48%	181	47%
Konur	197	52%	206	53%
<b>Aldur</b>				
18-29	67	18%	29	8%
30-44	87	23%	99	25%
45-59	106	28%	127	33%
60+	117	31%	131	34%
<b>Menntun</b>				
Grunnskólanám eða minna	42	11%	37	10%
Stúdentspróf eða iðnnám	107	28%	104	27%
Annað starfsnám	20	5%	19	5%
Háskólapróf	208	55%	213	55%
<b>Lengd búsetu á Höfuðborgarsvæði</b>				
5 ár eða skemur	132	35%	73	19%
6-10 ár	49	13%	48	12%
11-20 ár	108	28%	93	24%
21-30 ár	31	8%	68	18%
Lengur en 30 ár	57	15%	92	24%
<b>Staða á vinnumarkaði</b>				
Í launuðu starfi	222	59%	215	56%
Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	55	15%	58	15%
Í námi	22	6%	13	3%
Á eftirlaunum	55	15%	57	15%
Annað	21	6%	34	9%
<b>Starfar þú við ferðapjónustu?</b>				
Já	63	17%	44	11%
Nei	316	83%	338	87%
<b>Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðapjónustu?</b>				
Já	177	47%	179	56%
Nei	132	35%	141	44%
<b>Hefur þú eða einhver á heimilinu tekjur af ferðamönnum?</b>				
Já, allt árið	48	13%	33	9%
Já, hluta úr ári	33	9%	33	9%
Nei	299	79%	299	82%

<sup>13</sup> Sjá nánar <https://www.ferdamalastofa.is/is/troun-og-samstarf/afangastadaaaetlanir/svaedaskipting-dmp-aaetlana>

## VIÐHORF ÍBÚA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐI TIL FJÖLDA FERÐAMANNA


### Fjöldi ferðamanna áfram hæfilegur á sumrin

Meirihluta íbúa höfuðborgarsvæðisins finnst fjöldi ferðamanna á sumrin enn vera hæfilegur. Frá árinu 2014 hefur hlutfall höfuðborgarbúa sem segir ferðamenn hæfilega marga raunar hækkað jafnt og þétt og var árið 2019 komið í 73%. Á móti hefur hlutfall íbúa sem segja fjölda ferðamanna of mikinn á sumrin stöðugt lækkað milli kannana allt frá 2014 og var árið 2019 komið niður í 21%. Þessar breytingar á mati höfuðborgarbúa á fjölda reyndust marktækar og ríma þær við breytingar á landsvísu. Hins vegar skáru íbúar á höfuðborgarsvæði sig frá öðrum svæðum á landinu fyrir þær sakir að þar voru langflestir sem sögðu fjöldann vera hæfilegan og langfæstir sem töldu fjöldann of lítinn. Sá hópur svarenda sem sagði fjölda ferðamanna vera heldur eða of lítinn stækkaði raunar milli 2017 og 2019 úr 4% í 7%.

Lítill munur var á svörum mismunandi hópa á höfuðborgarsvæðinu. Fólk á aldrinum 18-29 ára, 60 ára og eldri og þeir sem ekki gátu hugsað sér starf í ferðapjónustu voru líklegri en aðrir til að telja að ferðamenn væru of margir.

### Hæfilegur fjöldi ferðamanna á veturna

Mat höfuðborgarbúa á fjölda ferðamanna yfir vetrartímann var svipað mati þeirra á fjölda ferðamanna yfir sumartímann að því leyti að jafnhátt hlutfall svarenda, eða 73%, segir fjöldann vera hæfilegan vetur jafnt sem sumar. Að þessu leyti sker höfuðborgarsvæðið sig verulega frá öðrum landshlutum þar sem svarendur telja ferðamenn að jafnaði heldur eða alltof fáa yfir vetrartímann. Marktækur munur var á svörum íbúa höfuðborgarsvæðis samanborið við landið allt. Viðhorf höfuðborgarbúa til fjölda ferðamanna að vetri til hafa lítið breyst milli kannananna 2017 og 2019 og hafa hóparnir sem sögðu fjöldann of mikinn og þeir sem sögðu þá fjöldann of lítinn ekki stækkað svo neinu munar. Karlar, þeir sem störfuðu í ferðapjónustu og þeir sem gátu hugsað sér starf í ferðapjónustu voru frekar þeirrar skoðunar að fjöldi ferðamanna væri of lítill yfir vetrartímann.





## VIÐHORF TIL FJÖLDA FERÐAMANNA SUMAR OG VETUR 2014-2019 – ALLIR LANDSHLUTAR

### Fleiri á því að fjöldi ferðamanna sé hæfilegur á sumrin

Eins og sjá má á myndinni hér til hliðar hefur meirihluta landsmanna þótt fjöldi ferðamanna vera hæfilegur á sumrin og hefur sá hópur stækkað hlutfallslega frá því mælingar á viðhorfum landsmanna hófust árið 2014. Á landsvísu hefur þeim fækkað sem telja fjölda ferðamanna of mikinn en að sama skapi hefur þeim fjölgað sem telja ferðamenn vera alltof eða heldur fáa yfir sumartímann. Sama þróun hefur átt sér stað á flestum landssvæðunum nema á Vestfjörðum en þar voru viðhorf til fjölda ferðamanna nánast óbreytt á milli kannana. Mesta breyting milli kannana var á Suðurlandi en þar sögðu mun fleiri íbúar en áður að ferðamannafjöldi væri hæfilegur og mun færri nú sem sögðu fjöldann vera of mikinn. Sömu sögu má segja af höfuðborgarsvæðinu en þar er hæst hlutfall þeirra sem telja fjölda ferðamanna vera hæfilegan.

### Of fáir eða hæfilegur fjöldi ferðamanna yfir veturinn

Litlar breytingar hafa orðið á landsvísu á viðhorfi til fjölda ferðamanna að vetri til. Landsmenn skiptast enn í tvær fylkingar; þá sem telja fjöldann hæfilegan og þá sem telja fjöldann of lítinn. Viðhorf til fjölda ferðamanna yfir veturinn er áfram misjafnt eftir svæðum. Íbúar á Höfuðborgarsvæði, Suðurlandi og á Suðurnesjum voru frekast á því að ferðamenn væru hæfilega margir. Hópurinn sem svo sagði var hlutfallslega stærstur á höfuðborgarsvæðinu. Á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi fannst íbúum ferðamenn vera of fáir á veturinn. Afar fáir töldu fjölda ferðamanna vera of mikinn á veturinn. Í öllum landshlutum hækkaði hlutfall svarenda sem sagði fjöldann vera hæfilegan nema á Suðurlandi þar sem hlutfallið dróst saman.



## ÁHRIF Á DAGLEGT LÍF


### Verða sjaldnar varir við ferðamenn og eiga samskipti sjaldnar

Í könnuninni 2019 kom í ljós að landsmenn höfðu sjaldnar orðið varir við ferðamenn en árið 2017 þegar 78% landsmanna tóku nær daglega eftir ferðamönnum. Hlutfall landsmanna sem urðu daglega varir við ferðamenn dróst saman um 10 prósentustig milli kannana og var 68% 2019. Á móti fjölgaði í hópi þeirra sem urðu varir við ferðamenn 1-3 sinnum í viku og því áfram yfir 90% landsmanna sem sáu ferðamenn í hverri viku.

Sama þróun milli kannana átti sér stað í höfuðborginni. Í könnuninni 2019 skar höfuðborgarsvæðið sig frá öðrum landsvæðum fyrir þær sakir að hlutfallslega urðu færri íbúar þar daglega varir við ferðamenn. Þessi munur milli höfuðborgarsvæðis og annarra landshluta var marktækur. Enginn munur var á svörum mismunandi hópa nema í hópi svarenda sem störfuðu við ferðaþjónustu sem voru líklegri til að taka eftir ferðamönnum í heimabyggðinni.

Höfuðborgarbúum sem áttu í nær daglegum samskiptum við ferðamenn fækkaði einnig lítillega milli kannana og fjölgaði þeim sem áttu sjaldan samskipti við ferðamenn. Þessar breytingar milli kannana reyndust þó ekki marktækar. Á höfuðborgarsvæðinu reyndust karlar vera líklegri til að eiga samskipti við ferðamenn vikulega en konur enn sjaldnar.

Langflestum höfuðborgarbúum sem og öðrum landsmönnum líkaði áfram frekar eða mjög vel að eiga samskipti við ferðamenn. Hlutfall svarenda sem líkaði vel að eiga samskipti við ferðamenn var hæst á meðal íbúa á höfuðborgarsvæðinu og á Norðurlandi.






## Dregur úr ónæði vegna ferðamanna

Ónæði vegna ferðamanna hefur ekki aukist á höfuðborgarsvæðinu, raunar þvert á móti. Um 91% borgarbúa sagði ferðamenn ekki valda þeim ónæði<sup>14</sup> í daglega lífinu og aðeins 4% sögðust verða fyrir ónæði og er það umtalsvert færri en árið 2017 þegar 27% töldu sig verða fyrir ónæði í sínu daglega lífi af hálfu ferðamanna. Í samanburði við aðra landshluta var hlutfall svarenda sem ekki varð fyrir ónæði hæst í höfuðborginni. Jafnframt var hlutfall svarenda sem kvaðst verða fyrir ónæði langlægst í borginni. Þá fjölgaði nokkuð þeim íbúum sem töldu borgina geta tekið við fleiri ferðamönnum, úr 57% 2017 í 69%. Svarendum sem töldu heimabyggðina ekki geta tekið við fleiri ferðamönnum fækkaði mest á höfuðborgarsvæðinu milli kannana, úr 31% í 18%.

Í höfuðborginni forðast færri íbúar en áður ákveðna staði á landinu vegna aukinnar umferðar ferðamanna. Hlutfall svarenda sem svo sagði dróst saman milli kannana innan höfuðborgarinnar og var breytingin marktæk. Hins vegar virðast fleiri borgarbúar en áður vera hræddari við að keyra á vegum úti vegna aukinnar umferðar ferðamanna. Hlutfall borgarbúa sem fundu til ótta í umferðinni hækkaði úr 48% í 54%.

Enginn munur var á svörum mismunandi hópa á höfuðborgarsvæðinu við þessum spurningum.




<sup>14</sup> Settur er fyrirvari á samanburð niðurstaðna milli kannana fyrir spurninguna „Ferðamenn valda ónæði í mínu daglega lífi“. Orðalag spurningarinnar breyttist milli kannana og var árið 2017 „Ferðamenn valda meira ónæði í mínu daglega lífi en áður“.

## ÁHRIF Á EFNAGAG, ATVINNULÍF OG ÞJÓNUSTU


### Efnahagslegt mikilvægi áfram undirstrikað

Höfuðborgarbúar hafa áfram mikla trú á efnahagslegu mikilvægi ferðapjónustu. Á landsvísu reyndist trúin á efnahagslegt mikilvægi einnig styrkjast milli kannana. Sömuleiðis styrktust höfuðborgarbúar í þeirri skoðun að ferðapjónusta verði mikilvæg undirstaða fyrir íslenskt efnahagslíf næstu áratuginna. Hlutfall þeirra sem voru sammála þessu hækkaði úr 83% árið 2017 í 90% árið 2019 og var breytingin marktæk (sjá mynd á næstu síðu).


Meirihluti landsmanna taldi marga íbúa í heimabyggðinni njóta efnahagslegs ávinnings af ferðapjónustu. Almennt voru menn á því að hæfilegur eða stór hluti tekna sem skapast af ferðapjónustu í heimabyggðinni yrði eftir á svæðinu. Þetta kom fram í niðurstöðum nýrra spurninga í könnuninni 2019. Í flestum landshlutum, þar á meðal í höfuðborginni, taldi yfir helmingur íbúa að margir njóti efnahagslegs ávinnings en 25-36% svarenda í hverjum landshluta taldi samt sem áður að fáir nýtu efnahagslegs ávinnings af ferðapjónustunni í þeirra heimabyggð. Á höfuðborgarsvæðinu var nær enginn munur á svörum mismunandi hópa.



### Telur þú að margir eða fáir íbúar í þinni heimabyggð njóti efnahagslegs ávinnings af ferðapjónustu?



### Telur þú að stór eða lítill hluti tekna sem skapast af ferðapjónustu í þinni heimabyggð sitji eftir á svæðinu?




## Ferðapjónusta eykur fjölbreytni

Mikill meirihluti höfuðborgarbúa telur áfram að ferðapjónusta auki fjölbreytni í atvinnulífi í heimabyggðinni. Milli kannananna 2017 og 2019 fjölgaði höfuðborgarbúum sem voru sammála fullyrðingunni en árið 2017 voru höfuðborgarbúar síður en aðrir landsmenn þeirrar skoðunar að ferðapjónusta yki fjölbreytni í atvinnulífinu. Um 73% íbúa höfuðborgarinnar voru ósammála því að það bitnaði á öðrum atvinnugreinum að fólk réði sig til starfa í ferðapjónustu. Hlutfall svarenda sem ekki tók afstöðu með eða á móti fullyrðingunni var hæst í höfuðborginni.

## Ferðamenn efla þjónustu og verslun

Borgarbúum sem töldu ferðamenn efla verslun í heimabyggð og án þess að ferðamenn takmarki aðgengi annarra að þjónustu fjölgaði marktækt milli kannana. Jafnframt fjölgaði þeim höfuðborgarbúum talsvert sem töldu ferðapjónustu hafa leitt til fjölbreyttari þjónustu sem þeir hefðu nýtt sér. Þrátt fyrir það var hlutfall þeirra sem svo sögðu með því lægsta á landinu.



## ÁHRIF Á SAMFÉLAGIÐ


### Heildaráhrifin áfram jákvæð

Almennt virðast íbúar á höfuðborgarsvæðinu sem og aðrir landsmenn vera jákvæðir gagnvart áhrifum ferðaþjónustu og ferðamanna á samfélagið. Ekki hefur dregið úr jákvæðum viðhorfum í höfuðborginni eins og sjá má hér til hliðar. Ef eitthvað er þá urðu viðhorfin jákvæðari 2019 en 2017.

Líkt og á landinu öllu var mikill meirihluti íbúa í höfuðborginni þeirrar skoðunar að ferðamenn auki fjölbreytileika mannlífsins og stækkaði sá hópur marktækt milli kannana í borginni. Jafnframt voru þeir stoltir yfir því að ferðamenn sæki svæðið heim.

Hlutfall íbúa sem var sátt við að samfélagið myndi breytast vegna ferðaþjónustu var mjög hátt í öllum landshlutum, eða á bilinu 88-93%. Á höfuðborgarsvæðinu var það 91% en breytingin frá 2017 þegar 89% svarenda voru sáttir við að samfélagið tæki einhverjum breytingum vegna ferðaþjónustu, var marktæk. Um 64% höfuðborgarbúa taldi ferðamenn hafa breytt íslensku samfélagi til hins betra en 25% svarenda tóku ekki afstöðu með eða á móti og 11% íbúa höfuðborgarinnar voru ósammála því að ferðamenn hefðu breytt íslensku samfélagi til hins betra. Enginn munur var á svörum í höfuðborginni samanborið við aðra landshluta. Höfuðborgarbúum sem töldu ferðamenn hafa breytt íslensku samfélagi til hins betra fjölgaði marktækt milli kannana. Þeir sem störfuðu í ferðaþjónustu voru líklegir til að telja að það hefði afleiðingar fyrir samfélagið ef ferðamenn myndu hætta að koma.

Á heildina litið voru íbúar á höfuðborgarsvæðinu (83%) ánægðir með ferðaþjónustu í sínu samfélagi (sjá mynd á næstu bls.) og var lítil munur á svörum milli mismunandi hópa á höfuðborgarsvæðinu.




## Viðhorf til útleigu fasteigna til ferðamanna oftast jákvæð

Meirihluti landsmanna var jákvæður gagnvart því að íbúar geti ráðstafað fasteignum sínum í leigu til ferðamanna. Þá var meirihluti svarenda jafnframt þeirrar skoðunar að ferðaþjónusta takmarkaði ekki möguleika íbúa á að eignast húsnæði. Ekki var spurt um þessi atriði í fyrri könnunum.


Töluverður munur var á svörum eftir landshlutum eins og sjá má á myndunum hér fyrir neðan. Íbúar á Vesturlandi (66%) og á Norðurlandi (65%) voru jákvæðastir gagnvart því að fólk væri að leigja eignir sínar til ferðamanna. Hlutfall svarenda sem voru jákvæðir var lægst á Austurlandi (51%). Íbúar á Vesturlandi (66%), Norðurlandi (65%) og á Suðurnesjum (65%) voru frekar á því en aðrir landsmenn að ferðaþjónustan hefði ekki takmarkað möguleika íbúa á að eignast húsnæði á þessum svæðum. Höfuðborgarsvæðið skar sig frá öðrum landshlutum en um 43% svarenda á höfuðborgarsvæðinu taldi ferðaþjónustu hafa takmarkað möguleika fólks á að eignast húsnæði en nærri jafn stór hópur, eða 40% svarenda, var á öndverðum meiði.

Afar líttill munur var á svörum mismunandi hópa innan landshlutanna fyrir utan að á Vestfjörðum og á Austurlandi voru þeir sem gátu hugsað sér starf í ferðaþjónustu líklegastir til að vera jákvæðir gagnvart möguleika fólks á að leigja út eigin fasteignir.


## Á heildina litið er ég ánægð(ur) með ferðaþjónustu í mínu samfélagi




## Mér finnst jákvætt að fólk í minni heimabyggð geti ráðstafað fasteignum sínum í leigu til ferðamanna



## Ferðaþjónustan hefur takmarkað möguleika íbúa á að eignast húsnæði í minni heimabyggð




## MAT Á ÁSTANDI INNVIÐA



### Ánægja með gönguleiðir en ekki almenningssamgöngur

Mat íbúa á höfuðborgarsvæði á ástandi innviða var að mörgu leyti svipað og landsmanna allra. Eins og á flestum öðrum svæðum höfðu íbúarnir þar mestar áhyggjur af ástandi almenningssalerna. Þrír af hverjum fjórum höfuðborgarbúum töldu ástand almenningssalerna vera slæmt og breyttist það ekki milli kannana. Í flestum öðrum landshlutum töldu heimamenn ástand almenningssalerna hafa batnað lítilsháttar milli kannana. Að mati íbúa höfuðborgarsvæðisins var ástandið langbest á göngustígum og gönguleiðum og fjölgaði þeim sem svo töldu marktækt á milli kannana. Þá þótti um helmingi höfuðborgarbúa ástand bílastæða og vegakerfis enn vera slæmt og svipað var uppi á teningnum hvað varðar ástand almenningssamgangna. Raunar fjölgaði nokkuð þeim svarendum sem töldu ástand almenningssamgangna frekar eða mjög slæmt, úr 36% í 50% en þessi breyting á svörum reyndist samt sem áður ekki vera marktæk á höfuðborgarsvæðinu.

## HVAÐ ER JÁKVÆÐAST VIÐ FERÐAÞJÓNUSTU Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU?



Ferðaþjónusta eykur fjölbreytni í samfélaginu. Fjölbreytni, mannlíf og tekjusköpun eru skýrustu dæmin um jákvæð áhrif ferðaþjónustu í augum íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Um var að ræða opna spurningu og nefnd voru rúmlega 400 atríði. Þau birtast hér í óbreyttri mynd í orðaskýinu hér til hliðar.

Töluvert fleiri svör á höfuðborgarsvæðinu tengdust tekjuöflun og mannlífi en í flestum öðrum landshlutum þó svo að hvort tveggja hafi raunar verið alls staðar áberandi. Úrval og fjölbreytni veitingastaða kom hvergi oftar fram í svörum heimamanna en á höfuðborgarsvæðinu.

Fjölbreytni, fjölbreyttará mannlíf og tekjur voru þau atríði sem helst voru nefnd af svarendum á höfuðborgarsvæðinu 2017 sem dæmi jákvæð áhrif ferðaþjónustunnar. Ein helsta breyting í svörum höfuðborgarbúa milli kannana var að atvinnutækifæri birtust með skýrari hætti 2019 en 2017. Aukin atvinnutækifæri og fjölbreyttará mannlíf voru raunar efst á blaði í öllum landshlutunum 2019 (sjá næstu bls.).

Hvað var jákvæðast við ferðaþjónustu í höfuðborginni 2017?



# HVAÐ ER JÁKVÆÐAST VIÐ FERÐAÞJÓNUSTU Í ÞINNI HEIMABYGGÐ? HINIR LANDSHLUTARNIR 2019

Austurland: Fjölbreyttara mannlíf og aukin atvinna



Vesturland: Fjölbreyttara mannlíf og aukin atvinna



Norðurland: Fjölbreyttara mannlíf og tekjur




Suðurland: Atvinna og fjölbreyttara mannlíf



Suðurnes: Fjölbreyttara mannlíf og atvinna



Vestfirðir: Fjölbreyttara mannlíf og atvinna







# HVAÐ ER NEIKVÆÐAST VIÐ FERÐAÞJÓNUSTU Í ÞINNI HEIMABYGGÐ? HINIR LANDSHLUTARNIR 2019

Austurland: Umferð og umgengi



Vesturland: Umferð og umgengi



Norðurland: Umferð og umgengi



Suðurland: Umferðin og vegakerfið



Suðurnes: Umferðin og sóðaskapur



Vestfirðir: Vegirnir og umferðin



## SAMANTEKT

### Meiri jákvæðni í garð ferðapjónustu og fjöldi ferðamanna minna íþyngjandi

Viðhorf til ferðamennsku og ferðapjónustu á höfuðborgarsvæðinu urðu jákvæðari milli kannana. Að mati heimamanna hafa áhrifin jákvæða fleti; fjölbreytileika þjónustu og verslunar, aukið mannlíf, bættan efnahag íbúa, atvinnu, tekjur og margt fleira sem samfélag heimamanna nýtur góðs af. Þá hafi ferðamönnum fylgt samfélagsbreytingar sem íbúar á höfuðborgarsvæðinu voru sáttir við.

Fjöldi ferðamanna í höfuðborginni virðist ekki íþyngja íbúunum jafn mikið og fram hafði komið í könnuninni 2017. Höfuðborgarbúum sem finnst fjöldi ferðamanna vera hæfilegur hefur fjölgað jafnt og þétt frá því fyrsta könnunin var gerð 2014. Árið 2019 var sá hópur íbúa sem sagði fjöldann vera hæfilegan hlutfallslega orðinn stærstur á höfuðborgarsvæðinu miðað við landið allt. Fyrir vikið sker höfuðborgin sig ekki lengur frá öðrum landshlutum hvað varðar viðhorf til fjölda ferðamanna. Engu að síður eru enn vísbendingar til staðar um staðbundið eða tímabundið álag vegna fjölda. Hluti svara höfuðborgarbúa við opinni spurningu um neikvæðustu hliðar ferðapjónustunnar vísaði til of mikils fjölda fólks og ferðamanna á tilteknum stöðum og/eða á tilteknum tímum. Of mikill fjöldi er samt sem áður ekki lengur sá einstaki þáttur sem heimamenn telja til neikvæðustu hliðar ferðapjónustunnar, líkt og var í könnuninni 2017.

Íbúar á höfuðborgarsvæðinu verða síður en aðrir landsmenn varir við ferðamenn og áttu þeir sjaldnar samskipti við ferðamenn en áður. Ónæði vegna ferðamanna hafði ekki aukist hjá borgarbúum. Aðeins 4% íbúa höfðu orðið fyrir ónæði í daglega lífinu, sem var talsvert minna en í öðrum landshlutum.

Viðhorf um það hvort ferðapjónusta hefði takmarkað möguleika íbúa á að eignast húsnæði í heimabyggðinni voru blendin og ekki fékkst afgerandi niðurstaða um viðhorf íbúa til áhrifa ferðapjónustu á fasteignamarkað þó

svo að tilvísanir til neikvæðra viðhorfa til heimagistingar og Airbnb hafi verið flestar á höfuðborgarsvæðinu.

## NIÐURSTÖÐUR SÍMAKÖNNUNAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐI 2019 – TÍÐNITÖFLUR OG BAKGRUNNSGREINING

Tafla 1 Hversu oft verður þú var/vör við ferðamenn í þinni heimabyggð? - Tíðnitafla

	Fjöldi		
	svarenda	% svarenda	% svara
Nánast daglega	197	50,9%	51,0%
1-3 sinnum í viku	112	28,9%	29,0%
1-3 sinnum í mánuði	43	11,1%	11,1%
Sjaldnar en einu sinni í mánuði	34	8,8%	8,8%
Gild svör	386	99,7%	100,0%
Gildir svarendur	386	99,7%	
Veit ekki	1	0,3%	
Heildarfjöldi	387	100,0%	

Tafla 2 Hversu oft verður þú var/vör við ferðamenn í þinni heimabyggð? - Bakgrunnsgreining

	Fjöldi	Nánast daglega	1-3 sinnum í viku	1-3 sinnum í mánuði	Sjaldnar en einu sinni í mánuði	Fjöldi	Fjöldi (með vigt)
		%	%	%	%	N	N
Kyn	Fjöldi	51,0%	29,3%	11,0%	8,8%	386	386
	Karl	55,6%	25,3%	11,9%	7,1%	181	181
	Kona	46,8%	32,8%	10,1%	10,2%	205	205
Aldur	18 - 29 ára	55,6%	25,0%	11,1%	8,3%	36	42
	30 - 44 ára	45,3%	36,8%	9,5%	8,4%	95	109
	45 - 59 ára	47,3%	28,7%	14,7%	9,3%	129	114
	60 ára og eldri	57,9%	24,6%	8,7%	8,7%	126	121
Menntun	Grunnskólanám eða minna	51,9%	28,7%	13,7%	5,7%	37	37
	Stúdentspróf eða iðnnám	53,7%	28,5%	8,0%	9,8%	105	105
	Annað starfsnám	54,7%	17,1%	23,2%	5,0%	18	18
	Háskólapróf	50,0%	30,7%	10,7%	8,6%	214	215
Lengd búsetu á því svæði	5 ár eða skemur	46,3%	30,5%	15,9%	7,3%	78	80
	6-10 ár	47,0%	31,8%	10,2%	11,0%	48	50
	11-20 ár	57,5%	24,5%	10,4%	7,5%	95	95
	21-30 ár	45,9%	24,6%	14,3%	15,1%	71	71
	Lengur en 30 ár	54,9%	35,3%	5,4%	4,4%	89	87
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	48,9%	29,3%	12,9%	9,0%	216	218
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	51,3%	25,2%	13,6%	9,8%	58	56
	Í námi	53,4%	46,6%	0,0%	0,0%	15	17
	Á eftirlaunum	50,9%	32,7%	7,3%	9,1%	55	53
	Annað	60,8%	24,2%	8,7%	6,3%	33	34
Starfar þú við ferðapjónustu? *	Já	61,1%	15,0%	8,0%	15,9%	44	44
	Nei	49,7%	31,1%	11,5%	7,7%	337	337
Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðapjónustu?	Já	51,5%	31,6%	10,0%	6,8%	177	179
	Nei	46,3%	30,3%	14,3%	9,0%	141	140

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

\* Fær einstaklingar í sumum svarflokkum svo marktæktarprófi sleppt

Tafla 3 Hversu oft átt þú samskipti við ferðamenn yfir sumartímenn þ.e. á tímabilinu júní – ágúst? - Tíðnitafla

	Fjöldi		
	svarenda	% svarenda	% svara
Nánast daglega	39	10,1%	10,2%
1-3 sinnum í viku	87	22,5%	22,8%
1-3 sinnum í mánuði	116	30,0%	30,4%
Sjaldnar en einu sinni í mánuði	140	36,2%	36,6%
Gild svör	382	98,7%	100,0%
Gildir svarendur	382	98,7%	
Veit ekki	3	0,8%	
Vil ekki svara	1	0,3%	
Svöruðu ekki	1	0,3%	
Heildarfjöldi	387	100,0%	

Tafla 4 Hversu oft átt þú samskipti við ferðamenn yfir sumartímenn þ.e. á tímabilinu júní – ágúst? - Bakgrunnsgreining

		Nánast daglega	1-3 sinnum í viku	1-3 sinnum í mánuði	Sjaldnar en einu sinni í mánuði	Fjöldi	Fjöldi (með vigt)
		%	%	%	%	N	N
Kyn **	Fjöldi	10,0%	23,0%	30,4%	36,5%	382	382
	Karl	15,0%	20,0%	31,0%	34,0%	180	180
	Kona	5,6%	25,7%	30,0%	38,7%	202	202
Aldur *	18 - 29 ára	13,9%	25,0%	36,1%	25,0%	36	42
	30 - 44 ára	7,4%	29,8%	27,7%	35,1%	94	108
	45 - 59 ára	14,6%	26,2%	26,9%	32,3%	130	115
	60 ára og eldri	6,6%	13,1%	34,4%	45,9%	122	118
Menntun	Grunnskólanám eða minna	11,2%	8,7%	22,1%	58,0%	37	37
	Stúdentspróf eða iðnnám	11,9%	17,7%	31,5%	38,9%	105	105
	Annað starfsnám	0,0%	16,3%	37,9%	45,8%	19	18
	Háskólapróf	9,4%	28,8%	31,2%	30,6%	211	212
Lengd búsetu á því svæði	5 ár eða skemur	9,4%	24,9%	33,5%	32,2%	77	79
	6-10 ár	14,4%	22,2%	24,8%	38,6%	48	49
	11-20 ár	9,8%	22,4%	27,0%	40,8%	95	95
	21-30 ár	8,4%	22,6%	33,9%	35,2%	71	71
	Lengur en 30 ár	9,1%	21,5%	33,3%	36,0%	87	85
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	8,7%	23,3%	30,4%	37,6%	215	217
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	24,1%	22,1%	33,3%	20,5%	58	56
	Í námi	13,4%	40,0%	20,1%	26,6%	15	17
	Á eftirlaunum	1,9%	11,1%	38,9%	48,1%	54	52
	Annað	2,9%	28,9%	24,9%	43,2%	32	33
Starfar þú við ferðapjónustu?	Já	52,8%	28,7%	16,5%	2,0%	44	44
	Nei	4,2%	21,9%	32,7%	41,2%	334	334
Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðapjónustu?	Já	5,2%	24,5%	35,6%	34,7%	176	178
	Nei	2,9%	19,4%	29,2%	48,6%	140	139

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

\* Fáir einstaklingar í sumum svarflokkum svo marktæktarprófi sleppt

Tafla 5 Hvernig líkar þér að hafa samskipti við ferðamenn sem koma í þína heimabyggð? - Tíðnitafla

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Mjög illa	1	0,3%	0,3%
Frekar illa	3	0,8%	0,9%
né illa	22	5,7%	6,4%
Frekar vel	149	38,5%	43,3%
Mjög vel	169	43,7%	49,1%
Gild svör	344	88,9%	100,0%
Gildir svarendur	344	88,9%	
Hef ekki haft nein samskipti við	39	10,1%	
Svörðu ekki	4	1,0%	
Heildarfjöldi	387	100,0%	

Tafla 6 Hvernig líkar þér að hafa samskipti við ferðamenn sem koma í þína heimabyggð? - Bakgrunnsgreining

		Hef ekki skoðun/ hvorki vel né illa					Fjöldi (með vigt)	Meðaltal	
		Mjög illa (1)	Frekar illa (2)	hvorki vel né illa (3)	Frekar vel (4)	Mjög vel (5)			
		%	%	%	%	%	N	N	
Kyn	Fjöldi	0,3%	0,9%	6,2%	43,6%	49,1%	344	345	4,4
	Karl	0,5%	1,2%	6,7%	44,3%	47,2%	163	163	4,4
	Kona	0,0%	0,5%	5,8%	42,9%	50,8%	181	182	4,4
Aldur	18 - 29 ára	0,0%	0,0%	8,6%	45,7%	45,7%	35	41	4,4
	30 - 44 ára	0,0%	1,2%	2,4%	44,7%	51,8%	85	98	4,5
	45 - 59 ára	0,9%	0,9%	6,8%	38,5%	53,0%	117	103	4,4
	60 ára og eldri	0,0%	0,9%	8,4%	46,7%	43,9%	107	103	4,3
	Menntun **	Grunnskólanám eða minna	0,0%	3,6%	12,3%	52,3%	31,8%	32	32
	Stúdentspróf eða iðnnám	0,9%	2,0%	5,4%	48,5%	43,2%	94	94	4,3
	Annað starfsnám	0,0%	0,0%	7,0%	64,1%	28,9%	14	14	4,2
	Háskólapróf	0,0%	0,0%	5,0%	38,2%	56,9%	193	194	4,5
Lengd búsetu á því svæði	5 ár eða skemur	0,0%	1,7%	8,5%	37,5%	52,3%	67	69	4,2
	6-10 ár	0,0%	0,0%	9,8%	40,7%	49,5%	42	43	4,4
	11-20 ár	1,0%	2,1%	6,4%	42,8%	47,8%	90	90	4,4
	21-30 ár	0,0%	0,0%	5,9%	54,6%	39,5%	64	64	4,5
	Lengur en 30 ár	0,0%	0,0%	1,3%	42,1%	56,6%	77	75	4,4
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	0,5%	0,5%	4,6%	44,2%	50,3%	188	190	4,5
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	0,0%	2,2%	7,3%	41,9%	48,6%	54	52	4,3
	Í námi	0,0%	0,0%	14,2%	50,0%	35,7%	14	16	4,2
	Á eftirlaunum	0,0%	2,0%	2,0%	52,0%	44,0%	50	48	4,3
	Annað	0,0%	0,0%	15,9%	24,8%	59,3%	30	31	4,3
Starfar þú við ferðaþjónustu?	Já	0,0%	2,6%	4,4%	33,7%	59,3%	43	43	4,5
	Nei	0,3%	0,6%	6,3%	45,0%	47,8%	297	297	4,3
Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðaþjónustu? **	Já	0,0%	0,0%	5,0%	42,2%	52,8%	163	165	4,4
	Nei	0,8%	1,6%	8,2%	47,8%	41,6%	117	116	4,1

\* Marktaekt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktaekt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktaekt miðað við 0,1% öryggismörk

Tafla 7 Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á sumrin (júní, júlí og ágúst)? - Tíðnitafla

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Allt of mikill	14	3,6%	3,8%
Heldur of mikill	64	16,5%	17,2%
Hæfilegur	269	69,5%	72,1%
Heldur of lítil	19	4,9%	5,1%
Allt of lítil	7	1,8%	1,9%
Gild svör	373	96,4%	100,0%
Gildir svarendur	373	96,4%	
Veit ekki	11	2,8%	
Vil ekki svara	2	0,5%	
Svörðu ekki	1	0,3%	
Heildarfjöldi	387	100,0%	

Tafla 8 Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á sumrin (júní, júlí og ágúst)? - Bakgrunnsgreining

		Heldur of					Fjöldi (með		Meðaltal
		Allt of mikill	mikill	Hæfilegur (3)	lítil	Allt of lítil (5)	Fjöldi	vigt)	
		(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	N	N	
	Fjöldi	3,6%	16,9%	72,5%	5,0%	1,8%	373	373	2,8
Kyn	Karl	4,9%	12,9%	71,2%	7,5%	3,4%	175	175	2,9
	Kona	2,5%	20,4%	73,7%	2,8%	0,4%	198	198	2,8
Aldur *	18 - 29 ára	0,0%	26,5%	70,6%	2,9%	0,0%	34	40	2,8
	30 - 44 ára	2,2%	8,6%	81,7%	5,4%	2,2%	93	107	3,0
	45 - 59 ára	2,4%	17,5%	71,4%	6,3%	2,4%	126	111	2,9
	60 ára og eldri	7,5%	20,8%	65,8%	4,2%	1,7%	120	116	2,7
Menntun	Grunnskólanám eða minna	5,9%	25,1%	63,9%	5,1%	0,0%	36	36	2,7
	Stúdentspróf eða iðnnám	4,6%	9,9%	78,0%	4,8%	2,7%	101	101	2,9
	Annað starfsnám	10,5%	20,1%	69,4%	0,0%	0,0%	19	18	2,6
	Háskólapróf	2,4%	18,1%	71,7%	5,8%	2,0%	206	207	2,9
Lengd búsetu á því svæði	5 ár eða skemur	1,3%	16,6%	75,4%	4,0%	2,7%	73	75	2,9
	6-10 ár	4,3%	10,9%	74,1%	8,4%	2,3%	48	49	2,9
	11-20 ár	6,1%	17,7%	69,2%	6,9%	0,0%	92	92	2,8
	21-30 ár	3,0%	20,9%	68,2%	5,2%	2,8%	67	67	2,8
	Lengur en 30 ár	3,3%	16,4%	76,0%	2,1%	2,1%	89	87	2,8
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	2,4%	16,2%	74,7%	4,7%	2,0%	210	212	2,9
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	3,5%	11,2%	76,4%	5,5%	3,3%	55	53	2,9
	Í námi	0,0%	13,4%	79,9%	6,7%	0,0%	15	17	2,9
	Á eftirlaunum	7,4%	24,1%	61,1%	5,6%	1,9%	54	52	2,7
	Annað	5,9%	21,7%	66,9%	5,4%	0,0%	32	32	2,7
Starfar þú við ferðabjónustu?	Já	2,2%	12,1%	74,9%	8,8%	2,0%	43	43	3,0
	Nei	3,9%	17,5%	72,2%	4,6%	1,8%	326	326	2,8
